

Geðlæknafélag Íslands

Hlíðasmára 8 - 201 Kópavogi

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Mál 423, Lyfjagagnagrunnar
Nefndasvið Alþingis

Alþingi
Erindi nr. **P** 128/1047
komudagur 18.2.2003

Reykjavík 14 febrúar, 2003

Umsögn um breytingu á lyfjalögum, nr 93/1994 og læknalögum, nr. 53/1998

Stjórn Geðlæknafélags Íslands hefur fjallað um frumvarpið um breytingu á lyfjalögum og læknalögum.

Að mati stjórnar Geðlæknafélagsins er hér um að ræða mjög **viðkvæmt mál sem kynna verður vel og skoða rækilega áður en það er afgreitt**. Það er í sjálfu sér **stórmál** ef leyft verður að búa til persónugreinanlegan almennan lyfjagrunn. Huganlega samkeyrslu við aðrar upplýsingar (innan og utan TR) verður einnig að hafa hér í huga.

Mikil ábyrgð er sett á slíka stofnun. Mikilvægt er að sú stofnun sé ekki með mismunandi hlutverk gagnvart einstaklingum. Best væri að hún væri í engum öðrum hagsmuna- og viðskiptatengslum við einstaklinga.

1) Stjórnin hefði viljað sjá með frumvarpsdrögum greinargerðir Tryggingastofnunar, Landlæknis, Lyfjastofnunar og Persónuverndar varðandi rekstur grunnanna, ábyrgð aðila og eftirlit með þeim.

2) Frumvarpið gerir ráð fyrir að Tryggingastofnun reki tvo nýja gagnagrunna. Aðrir eftirlitsaðilar eru hins vegar samkvæmt núverandi lögum, þeir sem sjá eiga um eftirlit með þessum málum. Mikil ábyrgð er því færð í hendur stofnunar sem í raun er þjónustustofnun við almenning. Benda ber á að hagsmunaárekstrar gætu komið upp við rekstur persónugreinanlegs grunns og aðskilja yrði því starfssemi til dæmis tryggingalæknis og grunnsins. Dæmi: Læknar Tryggingastofnunar sjá um örorkumatsákvarðanir. Mikilvægt er að tryggja að þeir hafi ekki óheftan aðgang að persónugreinanlega lyfjagrunninum. Tryggingastofnun er þekkt fyrir í sumum málum að líta svo á að þeir eigi rétt að fá allar upplýsingar. Gæti slík túlkun orðið almenn við rekstur þessa grunns? Hver á að tryggja að slíkt eigi sér ekki stað? Að okkar mati eru tryggingalæknar TR settir í óheppilega stöðu. Telur Alþingi forsvaranlegt að veita slíkt almennt leyfi án meiri umræðu og upplýsinga?

Geðlæknafélag Íslands

3) Stjórn Geðlæknafélagsins þykir einnig mjög vafasamt að blanda saman óskildum málum, þ.e.a.s eftirliti með vanabindandi lyfjum og söfnun víðtækra upplýsinga um lyfjanotkun einstaklinga. Velja hefði mátt aðskildar aðferðir og farvegi fyrir eftirlitshlutverk Lyfjastofnunar og Landlæknins. Benda ber einnig á að þrátt fyrir þessa nýju lyfjagagnagrunna verður ekki hægt að stöðva misnotkun lyfja fyrir en vikum eða mánuðum eftir að þau gerast.

Varðandi betra eftirlit með notkun á vissum lyfjum hefði alveg eins geta komið til greina að hafa sérstaka merktá, númeraða lyfseðla fyrir slík lyf. Slíkt hefur verið gert í Svíþjóð í mörg ár með góðum árangri.

4) Stjórn Geðlæknafélagsins þykir einnig mjög miður að ekki er getið í frumvarpinu að fræði- og vísindamenn muni fá aðgang að ópersónugreinanlega grunni T.R. Hver mun tryggja aðgang að þessum upplýsingum í vísindaskyni ? og í því skyni að geta lagt mat á árvissar dagblaðafréttir T.R. Nefnd eru eingöngu embætti Landlæknis, Lyfjastofnunar og Tryggingastofnunar hvað aðgang varðar. Mjög vafasamt er að Tryggingastofnun ein geti tekið upp hjá sjálfri sér að birta að vild upplýsingar úr grunninum. Þegar er dæmi frá síðast liðnu hausti þar sem lyfjaupplýsingar eru birtar í fjölmiðlum í greinilega þeim tilgangi að gefa í skyn of mikla notkun ákveðinna geðlyfja. Ljóst var þá að verið var að gefa í skyn ofnotkun. Tryggingastofnun stendur fyrir stórum hluta af þessum lyfjakostnaði samkvæmt lögum og er því alls ekki hlutlaus aðili til að fjalla einhliða um þessi mál.

Ekki kemur heldur fram að einstakir læknar geti fengið (beðið um) útskriftir úr grunninum um skráðar lyfjaávísanir sínar á ákveðin lyf. Þetta væri þó besta vörnin og besta gagnvirka aðferðin til að minnka notkun á ákveðnum tegundum lyfja. Einnig ættu læknar þá að geta fengið samanburð við lyfjaávísanir annarra kollega.

Það er mat stjórnar Geðlæknafélagsins að **skoða verði þetta mál betur og meiri upplýsingar að liggja fyrir áður en hægt sé að samþykkja frumvarpið.**

f.h. Stjórnar Geðlæknafélags Íslands

Sigurður Páll Pálsson
Formaður Geðlæknafélags Íslands

Sigurður Páll Pálsson

Guðlaug Þorsteinsdóttir
Ritari

Guðlaug Þorsteinsdóttir